

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar

113. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 15. nóvember 2012 kl. 13:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Styrkbeiðnir:
3. Erindi frá Kirkjugarðaráði:
4. Samstarfssamningur við Markaðsstofu Norðurlands:
5. Hluthafafundur Sorpsamlags Pingeyinga ehf.:
6. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 og árin 2014-2016 – fyrri umræða:

Til kynningar:

- a) Fundargerð 800. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga:
- b) Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Pingeyinga ehf. frá 05.11.2012:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Eiður Jónsson í forföllum Margrétar Bjarnadóttur, Ásta Svavarsdóttir og Árni Pétur Hilmarsson auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 7. lið; Fundargerð Atvinnumálanefndar frá 14.11.2012 og drög að samþykkt um búfjárhald í Pingeyjarsveit. Samþykkt samhljóða.

2. Styrkbeiðnir:

- a) Erindi dags. 8. nóvember s.l. frá Nemendafélagi Framhaldsskólans á Laugum þar sem óskað er eftir styrk vegna árshátíðar skólans.
Samþykkt að verða við erindinu með þeim hætti að koma á móts við kostnað vegna húsaleigu.
- b) Erindi dags. 2. nóvember s.l. frá Guðrúnu T. Gísladóttur f.h. „Landsbyggðin lifi“ þar sem sótt er um styrk að upphæð kr. 50.000 til að sinna grunnstarfsemi samtakanna.
Ekki unnt að verða við erindinu.
- c) Erindi frá Guðrúnu Jónsdóttur, talskonu Stígamóta þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið styrki starfsemina fjárhagslega.
Sveitarstjórn hafnar erindinu og vísar til árlegs styrks sveitarfélagsins til Aflsins, systrasamtaka Stígamóta á Akureyri.
- d) Erindi dags. 8. nóvember s.l. frá Ástu Sól Kristjánsdóttur f.h. Snorraverkefnisins þar sem óskað er eftir því að sveitarfélagið styðji verkefnið með fjárframlagi sumarið 2013
Ekki unnt að verða við erindinu.

3. Erindi frá Kirkjugarðaráði:

Lagt fram erindi ásamt kostnaðaráætlun dags. 7. nóvember frá Guðmundi Rafni Sigurðssyni framkvæmdastjóra kirkjugarðaráðs f.h. sóknarnefndar Þóroddsstaðarkirkju. Óskað er eftir framlagi upp á rúmar 560 þús. frá sveitarfélaginu vegna stækkunar og endurbóta á kirkjugarðinum á Þóroddsstað.
Sveitarstjórn samþykkir framlag að fjárhæð 500 þús. og vísar til gerðar fjárhagsáætlunar 2013.

4. Samstarfssamningur við Markaðsstofu Norðurlands:

Lagt fram erindi dags. 30. október s.l. frá Ásbirni Björgvinssyni f.h. Markaðsstofu Norðurlands þar sem óskað er eftir að sveitarstjórn endurnýi samstarfssamning við Markaðsstofuna til ársloka 2015.
Samþykkt að samstarfssamningurinn við Markaðsstofuna verði endurnýjaður til ársloka 2015.

5. Hluthafafundur Sorpsamlags Þingeyinga ehf.:

Lagt fram fundarboð um hluthafafund Sorpsamlags Þingeyinga ehf. sem haldinn verður 19. nóvember n.k.

6. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 og árin 2014-2016 – fyrri umræða:

Fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar fyrir árið 2013 og árin 2014-2016 ásamt tillögum að gjaldskrám teknar til fyrri umræðu. Fjármálastjóri mætti til fundarins undir þessum lið.
Sveitarstjórn fór yfir tillögur að gjaldskrá 2013 og vísaði þeim til viðeigandi nefnda.
Samþykkt að álagningarprósenta útsvars 2013 verði óbreytt eða 14,48%. Fyrri umræðu frestað til næsta fundar.

7. Fundargerð Atvinnumálanefndar frá 14.11.2012 og drög að samþykkt um búfjárhald í Þingeyjarsveit:

Lögð fram fundargerð Atvinnumálanefndar frá 14. nóvember s.l. ásamt drögum að samþykkt um búfjárhald í Þingeyjarsveit. Friðrika gerði grein fyrir fundargerð og drögum.
Samþykkt um búfjárhald í Þingeyjarsveit tekin til fyrri umræðu.

DRÖG: SAMÞYKKT

fyrir búffjánhald í Þingeyjarsveit.

1. gr.

Samþykkt þessi er sett til að tryggja sem best skipulag, stjórn og eftirlit með búffjánhaldi í Þingeyjarsveit, með ákvæðum um vörsluskyldu og ábyrgð allra búffjáreigenda og gæta þess að hús fyrir búpening og önnur aðstaða sé þrífaleg og í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni.

2. gr.

Með búfé í samþykkt þessari er átt við alifugla, geitfé, hross, kanínur, loðdýr, nautgripi, sauðfé og svín sbr. lög um búffjánhald o.fl. nr. 103/2002 með síðari breytingum.

3. gr.

Þeir, sem halda búfé á lögbýlum í Þingeyjarsveit, samkvæmt búffjárefartilittsskýrslum við gildistöku samþykktar þessarar hafa leyfi til búffjánhalds í Þingeyjarsveit er samþykkt þessi tekur gildi, en verða að tilkynna til sveitarstjórnar er búffjánhaldi lýkur þannig að sveitarstjórn geti uppfyllt ákvæði 4. gr. II. kafla um búffjánhald nr.103/2002. Búffjánhald utan lögbýla er einungis heimilt að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

Sá sem hyggst sækja um leyfi til búffjánhalds samkvæmt 2. gr. skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar. Í umsókninni skal tilgreina tegund búffjár, fjölda þess, húsakost og annað er máli kann að skipta um öryggi þess og vörslu. Telji sveitarstjórn að umsækjandi uppfylli þau skilyrði, sem krafist er samkvæmt gildandi lögum og samþykktar þessarar, veitir hún leyfið. Leyfið er gefið út á nafn og kennitölu og er ekki framseljanlegt.

4. gr.

Byggingar gripahúsa utan lögbýla eru einungis leyfðar á ákveðnum svæðum sem skipulögð eru fyrir búffjánhald.

5. gr.

Skilyrði fyrir búffjánhaldi í Þingeyjarsveit eru þau sömu og almennt gilda í landinu, þ.e. að allir þeir sem búffjánhald stunda, jafnt á lögbýlum sem utan þeirra, uppfylli ákvæði gildandi laga og reglugerða um búffjánhald, aðbúnað búffjár, sjúkdómavarnir, auðkenningu og merkingu, afréttamál o.fl. í samræmi við aðild sveitarfélagsins að búffjárefartilittssvæði nr. 19

6. gr.

Lausaganga búffjár utan lögbýla er óheimil á þéttbýlissvæðunum innan Þingeyjarsveitar. Þéttbýlissvæðin eru við Laugar, við Hafralækjarskóla í Aðaldal og við Stórutjarnaskóla sbr. Aðalskipulag Þingeyjarsveitar.

Þingeyjarsveit skuldbindur sig, í samvinnu við aðra landeigendur, til að tryggja að vörslulínur um þéttbýlissvæði séu fjárheldar skv. reglugerð um girðingar nr. 748/2002, að haldið sé uppi reglubundnu eftirliti með girðingum þessum frá vori til hausts, þó með skilyrðum girðingarlaga nr. 135/2001 um rétt til kostnaðarskiptingar landeigenda sem eiga land að umræddum vörslulínum. Þingeyjarsveit tryggir einnig að búfé sem fram kann að koma innan þéttbýlissvæða í sveitarfélaginu sé handsamað, skráð og tilkynnt til eiganda.

Verði ágangur eða tjón af völdum búfjár þrátt fyrir að vörslulínur uppfylli skilyrði skv. girðingalögum nr. 748/2002 áskilur Þingeyjarsveit sér rétt til að innheimta hjá búfjáreiganda útlagðan kostnað við handsömun og vörslu lausagöngufénaðar.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum og með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Samþykkt þessi er samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 103/2002, ásamt síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi fyrri Samþykkt um lausagöngu stórgripa í Aðaldal.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 18 gr. skulu samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra fá tvær umræður í sveitarstjórn, með a.m.k. einnar viku millibili. Samkvæmt lögum um búfjárhald nr. 103/2002 m.s.b.r. skal ráðherra staðfesta samþykktir um búfjárhald og birta í Stjórnartíðunum að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands. Sveitarstjórn vísar samþykkt um búfjárhald í Þingeyjarsveit til síðari umræðu. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Til kynningar:

- a) Fundargerð 800. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga:
- b) Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga ehf. frá 05.11.2012:

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:00

Ólína Arnkelsdóttir

Arnór Benónýsson

Eiður Jónsson

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Friðrika Sigurgeirsdóttir

Árni Pétur Hilmarsson

Ásta Svavarsdóttir